

Samrunaskrá

- (1) Samrunatilkynning þessi er lögð fram fyrir hönd umbjóðanda okkar, Colony Capital, Inc („**Colony Capital**“), vegna kaupa Colony Capital á óvirkum fjarskiptainnvíðum Sýnar hf. („**Sýn**“) annars vegar og Nova hf. („**Nova**“) hins vegar.
- (2) Skráin er tekin saman í samræmi við 5. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 (hér eftir nefnd skl.) og reglur nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka I við þær.
- (3) Skránni er eingöngu ætlað að vera til afnota fyrir Samkeppniseftirlitið („**SE**“). Óskað er eftir því að farið verði með þær upplýsingar sem fara hér á eftir og eru innan hornklofa sem trúnaðarmál, sbr. 17. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 16. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005, þar sem um er að ræða viðkvæmar viðskiptaupplýsingar. Samrunaskráin og fylgiskjöl með henni innihalda trúnaðarupplýsingar og viðskiptaleyndarmál Colony Capital, Sýnar og Nova. Birting upplýsinga og fylgiskjala til þriðju aðila gæti haft verulega neikvæð áhrif á viðskiptalega hagsmuni framangreindra aðila. Gögn sem bundin eru trúnaði eru einnig merkt sérstaklega.
- (4) Í aðdraganda tilkynningar um samrunann til SE átti sér stað fjárfundur milli SE og umbjóðanda okkar 23. apríl 2021, þar sem hinn fyrirhugaði samruni var kynntur fyrir SE, sbr. 4. gr. reglna nr. 1390/2020. [...]¹
- (5) Allar upplýsingar sem veittar eru í þessari skrá eru réttar og fullnægjandi eftir bestu vitund forráðamanna samrunaaðila. Kaflaskipting samrunaskrárinnar tekur mið af viðauka I við reglur nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, eftir því sem við á.
- (6) Tengiliður samrunaaðila vegna málsmeðferðar þessarar er Guðrún Lilja Sigurðardóttir hdl., gudrun@lex.is, LEX, Borgartúni 26 í Reykjavík, sími 590 2600, sbr. umboð á **fylgiskjali 1**.
- (7) Samrunagjald að fjárhæð 500.000 kr. hefur þegar verið greitt.

¹ TRÚNAÐARMÁL

1. kafli

Stutt lýsing samruna

- (8) Þann 31. mars 2021 gerði ITP ehf., kt. 541220-0700 („ITP“), sem er nýlega stofnað eignarhaldsfélag undir endanlegum yfirráðum Colony Capital, tvo samninga um kaup á hlutfé (e. *Share Purchase Agreement*, hér eftir „**kaupsamningar um hlutfé**“), annars vegar við Sýn og hins vegar við Nova, vegna kaupa á öllu hlutfé félaganna S8108 ehf. („**S8108**“) og Nova Sendastaðir ehf. („**Nova Sendastaðir**“) (sjá **fylgiskjöl 2 og 3**). Áður en viðskiptin ganga í gegn munu S8108 og Nova Sendastaðir hafa tekið yfir eignarhald svo til allra óvirkra fjarskiptainnviða Sýnar annars vegar og Nova hins vegar sem teljast til stærri sendastaða (e. *macro-sites*)², sem samanstanda af sendastöðum sem eru sjálfstæðir turnar og turnar/möstur á þökum bygginga. Rétt er að áréttta að viðskiptin taka aðeins til óvirkra innviða, og taka þannig ekki til neins virks sendibúnaðar eins og t.d. kapla eða loftneti (sjá mynd 1 í kafla 6).
- (9) Þegar viðskiptin ganga í gegn verða S8108 og Nova Sendastaðir að dótturfélögum í fullri eigu ITP, þannig að ITP verður eigandi alls hlutfjár í S8108 og Nova Sendastaðir (hér eftir verður jafnan vísað til þessara ráðstafana sem „**viðskiptanna**“). ITP er eignarhaldsfélag sem var stofnað sérstaklega í tengslum við þau viðskipti sem hér eru til umfjöllunar, og hefur engin starfsemi verið innan fyrirtækisins. Tilgangur ITP er að eiga hlutfé í S8108 og Nova Sendastöðum og í gegnum þessi tvö félög veita þjónustu sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur skilgreint sem aðstöðuleigu (e. *hospitality services*) á óvirkum fjarskiptainnviðum.³ ITP er að fullu undir yfirráðum Colony Capital í gegnum óbeint eignarhald.
- (10) Um Colony Capital og félög undir yfirráðum þess er nánar fjallað í kafla 4 hér á eftir.
- (11) **S8108** er félag sem stofnað var af Sýn í tengslum við viðskiptin. Samkvæmt eignasölusamningi dagsettu 31. mars 2021 (e. *Agreement for the assignment of certain lease agreements and the sale of passive equipment*; eða *Transfer Agreement*), hér eftir „**eignasölusamningur Sýnar**“, sbr. **fylgiskjal 4**) yfirfærði Sýn eignarhald á óvirkum innviðum í sinni eigu til S8108.
- (12) **Nova Sendastaðir** er félag sem stofnað var af Nova í tengslum við viðskiptin. Félagið var stofnað í tengslum við þau viðskipti sem hér eru til umfjöllunar. Samkvæmt eignasölusamningi dagsettu 31. mars 2021 (e. *Agreement for the assignment of certain lease agreements and the sale of passive equipment*; eða *Transfer Agreement*, hér eftir „**eignasölusamningur Nova**“, sbr. **fylgiskjal 5**) yfirfærði Nova eignarhald á óvirkum innviðum í sinni eigu til Nova Sendastaðir.

² Um skilgreininguna á stærri og minni sendastöðum (e. *macro/micro-sites*) er fjallað í 6 kafla hér á eftir.

³ Sjá nánar umfjöllun um markaðsskilgreiningar í kafla 6.B hér á eftir.

- (13) Í kjölfar viðskiptanna mun Colony Capital með óbeinum hætti öðlast full yfirráð yfir S8108 og Nova Sendastaðir í skilningi samkeppnislaga.

2. kafli

Grunnupplýsingar um samrunaaðila

(14) Aðilar samrunans eru samkvæmt framangreindu Colony Capital, ITP, S8108 og Nova Sendastaðir. Tilkynnandi samrunans er Colony Capital, og eru upplýsingar um tengilið eftirfarandi.

(15) **Colony Capital:**

Colony Capital
Colony Capital, Inc.
750 Park of Commerce Drive
Suite 210
Boca Raton, FL, 33487
United States of America

Tengiliðir

(16) [...]⁴

(17) [...]⁵

(18) Colony Capital hefur óskað eftir því að öllum samskiptum vegna málsins verði beint til LEX lögmansstofu.

3. kafli

Upplýsingar um samrunann

3.1. Aðdragandi samrunans

a) Upplýsingar um aðdraganda samrunans og sölufjerli Sýnar hf. og Nova hf., sjálfstætt eða sameiginlega eftir því sem við á. Að því leyti sem það er nauðsynlegt skulu viðkvæmar viðskiptaupplýsingar berast beint til Samkeppniseftirlitsins frá einstaka aðilum samrunans;

(19) [...] ⁶ Í október 2020 komst á samkomulag milli DCA og Sýnar annars vegar og Nova hins vegar um einkaviðræður og helstu skilmála í tengslum við mögulega sölu og endurleigu á tilteknum óvirkum fjarskiptainnvíðum í eigu félaganna. [...] ⁷ Eins og fram kom í 1. kafla hér að framan þá er í einu lagi vísað til þessara samninga/viðskipta sem „viðskiptanna“.

⁴ TRÚNAÐARMÁL.

⁵ TRÚNAÐARMÁL.

⁶ TRÚNAÐARMÁL.

⁷ TRÚNAÐARMÁL.

- (20) Í tilkynningu sem Sýn gaf út af þessu tilefni⁸ þann 23. október 2021 kom fram að miðað við fyrirliggjandi skilmála þá myndu fyrirhuguð viðskipti styrkja efnahagsreikning félagsins og að væntur söluhagnaður þess vegna viðskiptanna gæti numið yfir sex milljörðum króna. Í tilkynningu sem gefin var út af Sýn þann 4. nóvember 2020 í tengslum við uppgjör félagsins á þriðja ársfjórðungi ársins 2020⁹ er meðal annars haft eftir forstjóra Sýnar:

„Í hverju árshlutauppgjöri þessa árs höfum við fjallað um þá stefnu okkar að minnka fastan kostnað fyrirtækisins. Að útvista meiru, breyta föstum kostnaði í breytilegan, og einfalda reksturinn. Nú hillir undir mikilvægar breytingar þar að lútandi. Með undirritun samnings um einkaviðræður um sölu á óvirkum hluta farsímakerfisins erum við bjartsýn á að ná að losa um mikil verðmæti sem ekki nýtast sem skyldi í rekstri. Við sjáum fram á um 6 milljarða söluhagnað án þess að framlegð (EBITDA) breytist að nokkru ráði.“

- (21) Þá var tilkynnt um það þann 18. desember 2020¹⁰ að áreiðanleikakönnun vegna viðskiptanna væri lokið og að hún styddi að fullu helstu skilmála sem settir höfðu verið fyrir viðskiptunum. Jafnframt var tilkynnt um að vinna að endanlegum frágangi samninga væri hafin og að viðskiptin væru háð því að samkomulag næðist milli aðila við skjalagerð og með fyrirvara um aðkomu eftirlitsstofnana.
- (22) Kaupsamningar um hlutafé og eignasölusamningarnir vegna viðskiptanna voru undirritaðir 31. mars 2021. Í tilkynningu frá Sýn sem birt var í tilefni af undirritun samninga kom meðal annars fram að viðskiptin myndu styrkja efnahagsreikning Sýnar og lausafjárstöðu félagsins.¹¹
- (23) Þó ekki hafi verið gefnar út sambærilegar tilkynningar af hálfu Nova, þar sem fyrirtækið er ekki skráð í kauphöll, þá hefur Nova [...] ¹²
- (24) [...] ¹³
- (25) Eftir framkvæmd viðskiptanna munu Sýn og Nova kaupa þjónustu af ITP sem lýtur að nýtingu hinna seldu óvirku innviða [...] ¹⁴ Munu viðskiptin þannig ekki hafa í för með sér neina röskun á starfsemi fjarskiptaneta Sýnar og Nova. Engin breyting verður á eignarhaldi að virkum sendibúnaði að viðskiptunum frágengnum.
- (26) [...] ¹⁵

3.2. Markmið samrunans

⁸ <https://syn.is/fjarfestatengsl/kauphallarfrettir/2113460>

⁹ <https://syn.is/fjarfestatengsl/kauphallarfrettir/2120274>

¹⁰ <https://syn.is/fjarfestatengsl/kauphallarfrettir/2147854>

¹¹ <https://syn.is/fjarfestatengsl/kauphallarfrettir/2202966>

¹² TRÚNAÐARMÁL.

¹³ TRÚNAÐARMÁL.

¹⁴ TRÚNAÐARMÁL.

¹⁵ TRÚNAÐARMÁL.

b) Nákvæmar upplýsingar um tilgang og markmið samrunans. Er þar sérstaklega óskað hvaða fyrirætlanir kaupandi hefur um almennan aðgang fjarskiptafyrirtækja að viðkomandi fjarskiptainnviðum og hvaða áætlanir eru um aukna hagkvæmni við rekstur þeirra með hliðsjón af m.a. mögulegum ávinningi og samlegðaráhrifum.

- (27) Eins og nánar er gerð grein fyrir í kafla 4 þá er Colony Capital alþjóðlegt fasteigna- og fjárfestingafélag, skráð á hlutabréfamarkað (NYSE: CLNY). Digital Colony Partners (Cayman) LP („**Digital Colony**“), sem lýtur yfirráðum Colony Capital, er sjóður í stýringu sem einbeittir sér að sóknarfærum í stafrænum innviðum svo sem fjarskiptamöstrum, gagnaverum, smásellunetum (e. *small cell networks*) og kapalnetum (e. *fibre networks*), og þar á meðal óvirkum fjarskiptainnviðum. [...] ¹⁶
- (28) Viðskiptin munu að mati samrunaaðila verða íslenskum markaði til góðs þar sem með þeim verður til nýr og sjálfstæður þjónustuaðili þegar kemur að aðstöðuleigu á óvirkum fjarskiptainnviðum og þar með verður til aukin samkeppni á þeim markaði. Um frekari upplýsingar um vænt áhrif á markaðinn vísast til kafla 6. Einnig, eins og nánar er fjallað um í kafla 9, þá hefur reynslan erlendis sýnt sig að sjálfstæð turnfélög ¹⁷ geta haft í för með sér umtalsverð jákvæð áhrif svo sem lækkun kostnaðar og aukna samkeppni, en meðalfjöldi farnetsrekenda á sendastöðum innan Evrópu er 2.4 þegar um er að ræða sendastaði í eigu sjálfstæðra turnfélaga en 1.3 á sendastöðum í eigu farnetsrekenda.
- (29) [...] ¹⁸

3.3. Eðli samrunans

- (30) Viðskiptin fela í sér að Colony Capital öðlast yfirráð yfir tilteknum óvirkum fjarskiptainnviðum í eigu Sýn og Nova í gegnum tvo kaupsamninga um hlutafé sem gerðir eru samhliða hvor öðrum. Viðskiptin byggjast ekki á kaupum á hinum óvirku innviðum, heldur á kaupum ITP á hlutafé þeirra fyrirtækja sem fara með eignarhald á viðkomandi óvirkum innviðum. Við lok viðskiptanna mun ITP, sem er að fullu undir yfirráðum Colony Capital, eignast 100% hlutafjár í S8108 annars vegar, sem mun fara með eignarhald á tilteknum óvirkum innviðum áður í eigu Sýn, og Nova Sendastaðir hins vegar, sem mun fara með eignarhald á óvirkum innviðum áður í eigu Nova.
- (31) Þrátt fyrir að fyrirhugað sé að Nova Sendastaðir og S8108 verði áfram sjálfstæðir lögaðilar sem eiga eignir sínar sitt í hvoru lagi munu þau starfa sem ein fjárhagsleg eining undir fullum yfirráðum ITP, sem mun reka og stýra sendastöðum beggja fyrirtækja. [...] ¹⁹
- (32) Enginn samrunaaðila hefur þegið opinbera fjárhagsaðstoð.

¹⁶ TRÚNAÐARMÁL.

¹⁷ Sjá skilgreiningu á sjálfstæðum turnfélögum í mgr. 72.

¹⁸ TRÚNAÐARMÁL.

¹⁹ TRÚNAÐARMÁL.

3.4. Þeir atvinnuvegir sem samruninn nær til

(33) ÍSAT flokkar þeirra atvinnuvega sem samruninn nær til eru eftirfarandi:

- a) ÍSAT nr. 61.90.0 – Önnur fjarskiptastarfsemi
- b) ÍSAT nr. 61.10.0 – Fjarskipti um streng
- c) ÍSAT nr. 61.20.0 – Þráðlaus fjarskipti

3.5. Kaupverð

(34) [...] ²⁰

3.6. Upplýsingar um veltu

(35) Samkvæmt 17. gr. a samkeppnislaga skal við tilkynningu samruna telja með veltu móður- og dótturfélaga, fyrirtækja innan sömu fyrirtækjasamstæðu og fyrirtækja sem aðilar samrunans hafa bein eða óbein yfirráð yfir. Nánar verður fjallað um þessa aðila í 4. kafla, en velta þessara aðila hvers um sig fer hér á eftir.

(36) Samkvæmt ársskýrslu **Colony Capital** námu heildartekjur félagsins 1.237 milljónum dollara á árinu 2020 og 1.207 milljónum dollara á árinu 2019. Ársskýrslu Colony Capital má einnig finna á eftirfarandi vefslóð: <https://ir.clny.com/static-files/729b5d15-45ec-4040-801d-6e61e552d6c6> og frekari upplýsingar um uppgjör Colony Capital má finna á vefslóðinni <https://ir.clny.com/financial-information>.

(37) [...] ²¹

(38) Eina starfsemi Colony Capital á Íslandi er í gegnum fyrirtækið **Etix Everywhere Borealis ehf.**, en Colony Capital hefur engar aðrar tekjur af starfsemi á Íslandi, hvorki beint né í gegnum félög undir yfirráðum Colony Capital.

(39) Heildarvelta samstæðu Etix Everywhere Borealis ehf. var samtals 3.356,4 milljónir króna árið 2019 og 1.017,9 milljónir króna árið 2018 (**fylgiskjöl nr. 13 og 14**). Samstæðureikningur vegna reikningsársins 2020 liggur ekki fyrir. Starfsemi Etix er algjörlega ótengd aðstöðuleigu á óvirkum fjarskiptainviðum, en Etix rekur gagnaver [...] ²²

(40) [...] ²³

3.7. Viðskiptalegar forsendur

²⁰ TRÚNAÐARMÁL.

²¹ TRÚNAÐARMÁL.

²² TRÚNAÐARMÁL.

²³ TRÚNAÐARMÁL.

(41) [...] ²⁴

²⁴ TRÚNAÐARMÁL.

4. kafli

Eignarhald og yfirráð

Colony Capital og tengd fyrirtæki

c) *Upplýsingar um eignarhald og yfirráð Digital Colony, eða samstæðu fyrirtækisins, á fjarskiptafyrirtækjum og/eða eignarhaldsfélögum sem tengjast fjarskiptum, hérlandis og erlendis, og veltu þeirra. Sérstaklega skal tilgreina slíkar upplýsingar sem snerta atvinnurekstur á Evrópska efnahagssvæðinu;*

- (42) **Colony Capital** er alþjóðlegt fasteigna- og fjárfestingafyrirtæki sem skráð er í kauphöllina í New York með kennimarkið CLNY og hefur höfuðstöðvar sínar í Boca Raton, Flórída, í Bandaríkjunum. Colony Capital stýrir alþjóðlegu eignasafni sem samanstendur m.a. af fjárfestingum í fjarskiptainnvíðum: fjarskiptaturnum, gagnaverum, smásellunetum og kapalnetum. Colony Capital hefur þannig umtalsverða reynslu af fjárfestingum í óvirkum fjarskiptainnvíðum og af því að aðstoða fjarskiptafélög við rekstur sinn. Rétt er að geta þess að Colony Capital tilkynnti 8. júní 2021 um breytingu á nafni fyrirtækisins í DigitalBridge, og tekur sú breyting til 22. júní 2021. Digital Colony, sem er fjárfestingarvettvangur Colony Capital varðandi stafræna innviði, mun einnig verða breytt og kemur til með að starfa undir vörumerki DigitalBridge. Í kjölfar þessara breytinga mun firmaheiti Colony Capital breytast í DigitalBridge Group, Inc. og mun auðkennið í kauphöllinni í New York breytast í DBRG frá og með 22. júní 2021.²⁵
- (43) Colony Capital á óbeint um það bil 90% hlut í Digital Colony II (Cayman AIV), GP, LLC, sem er rekstraraðili (e. *general partner*) Digital Colony. Hin 10% eru í óbeinu eignarhaldi minnihlutaeigenda, sem eru aðallega meðlimir í stjórn Colony Capital. Digital Colony er alþjóðlegt fjárfestingarfyrirtæki með höfuðstöðvar í Boca Raton, Flórída, Bandaríkjunum, sem rekur sjóði sem einbeita sér að sóknarfærum í stafrænum innviðum svo sem fjarskiptamöstrum, gagnaverum, smásellunetum og kapalnetum. Frekari upplýsingar um starfsemi Digital Colony má finna á heimasíðu fyrirtækisins: <https://www.digitalcolony.com/overview>.
- (44) Allt hlutafé **ITP** er í beinni eigu hlutafélagsins Strongman Operating Holdco S.á.r.l. (áður Domino Holdco S.á.r.l.) sem skráð er og hefur aðsetur í Lúxemborg. Endanleg eignarhald ITP og stjórnun samstæðunnar er í gegnum nokkurn fjölda félaga og fjárfestingarsjóða eins og nánar er lýst í **fylgiskjólum 15 og 16** sem afhent voru og yfirfarin af Ríkisskattstjóra vegna skráningar á raunverulegum eigendum ITP í samræmi við ákvæði laga nr. 82/2019 um skráningu raunverulegra eigenda. Enginn aðili fer með meira en 25% endanlegu eignarhalds í ITP og enginn einstaklingur fer með meira en 10% endanlegs eignarhalds. Vegna framangreinds dreifðs eignarhalds ITP eru stjórnarmenn í ITP skráðir sem endanlegir eigendur hans hjá Fyrirtækjaskrá

²⁵ Sjá <https://www.businesswire.com/news/home/20210608005723/en/>

Ríkisskattstjóra, sbr. 1. mgr. 4. gr. ofangreindra laga. Colony Capital fer með endanleg yferráð ITP.

- (45) [...] ²⁶
- (46) Colony Capital og fyrirtæki innan samstæðu Colony Capital fara hvorki með eignarhald né yferráð yfir fyrirtækjum sem tengjast fjarskiptum héraðs. Eina fyrirtækið sem Colony Capital hefur yferráð yfir á Íslandi Etix Everywhere Borealis ehf., sem er dótturfélag **Vantage Data Centres Europe**, sem aftur er dótturfélag F1 Europe JV, LP („**Vantage Europe**“), sem er fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (e. *joint venture*) milli PSP („Public Sector Pension Investment Board“) og Colony Capital. Rétt er að nefna að öflun Colony Capital og PSP á Etix var samþykkt án skilyrða af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, sbr. ákvörðun í máli M.9683 (Colony Capital/PSP/Etix). Vantage Data Centers Europe eiga og/eða reka gagnaver, þar sem veitt er hýsingarþjónusta (e. *colocation services*) fyrir stór fyrirtæki og skýjaveitur. Vantage Europe rekur nú gagnaver í Þýskalandi (Frankfurt), **Íslandi (Fitjar og Blonduós)** og Frakklandi (les Sables d'Olonne). Vantage Data Centers Europe er einnig með gagnaver í byggingu í Berlín, Milánó og Varsjá. Utan Evrópska efnahagssvæðisins er Vantage Europe einnig með gagnaverseignir í Bretlandi (þar með talið NGD gagnaver sem tilkynnt var til framkvæmdastjórnar ESB)²⁷ og í Sviss. Nánari upplýsingar um starfsemi Vantage Europe er að finna á <https://vantage-dc.com/>.
- (47) Colony Capital fer með yferráð yfir einu fyrirtæki sem tengist óvirkum fjarskiptainnvíðum innan Evrópska efnahagssvæðisins:
- **Digita**. Digita, sem er sjálfstætt turnfélag í Finnlandi með 630 útsendinga- og fjarskiptaturna á landsvísi, sem dekkja um það bil 100% íbúa Finnlands. Kjarnastarfsemi Digita er sjónvarpsútsendingar, útvarpsútsendingar og fjarskiptainnvíðir. Meðal viðskiptavina Digita eru alþjóðlegir framleiðendur myndefnis og farnetsrekendur. Nánari upplýsingar um starfsemi Digita er að finna á www.digita.fi.
- (48) Colony Capital fer einnig með yferráð yfir eftirfarandi fyrirtækjum sem starfa á öðrum mörkuðum innan Evrópska efnahagssvæðisins:
- **Aptum Technologies**. Aptum Technologies (áður þekkt sem Cogeco Peer 1), sem hefur aðsetur í Kanada, veitir nauðsynlegar B2B vörur og þjónustu eins og hýsingu og rekstur á upplýsingatækni-umhverfum, netþjónustu og skýjaþjónustu í gegnum tvíhliða breiðbands kapalkerfi í Kanada (Québec og Ontario), Bandaríkjunum (í ellefu ríkjum við austurströndina) og Evrópu. Aptum Technologies starfar einnig í upplýsinga- og fjarskiptatækni- og vörum í Norður-Ameríku og Evrópu. Á EES-svæðinu býður Aptum

²⁶ TRÚNADARMÁL.

²⁷ Sjá [M.9843 – Colony Capital / PSP / NGD](#)

fyrirtækjum í tilteknum EES-löndum upp á net- og upplýsingatækniþjónustu. Nánari upplýsingar um starfsemi Aptum Technologies er að finna á www.aptum.com.

- **DataBank.** DataBank er leiðandi þegar kemur að þjónustu í tengslum við skýjahýsingu, rekstur á upplýsingatækni-umhverfum og netþjónustu, auk gagnaveralausna í Norður-Ameríku. Í febrúar 2021 lauk DataBank við yfirtöku á hýsingarþjónustu zColo frá Zayo, sem samanstóð af hýsingarrými gagnavera á EES-svæðinu (fimm gagnaver í Frakklandi (París, Montpellier og Toulouse)), sem og í Bandaríkjunum, Kanada og Bretlandi. Nánari upplýsingar um starfsemi DataBank er að finna á <https://www.databank.com/company/>.
- **Zayo**, sem er með höfuðstöðvar í Boulder, Colorado í Bandaríkjunum, veitir miðlungs og stórum fyrirtækjum í Norður-Ameríku og Evrópu þjónusta á sviði fjarskiptagrunnvirkja, m.a. með leigu á óvirkum nethlutum (e. *dark fibre*), en einnig einkagagnanetkerfum, bylgjulengdartengingum, gagnaflutningum með Ethernet, IP-tengingum, skýjum, hýsingu og öðrum lausnum sem fela í sér mikla bandbreidd. Nánari upplýsingar um starfsemi Zayo er að finna á <https://www.zayo.com/>.
- Upplýsingar um önnur fyrirtæki undir endanlegum yfirráðum Colony Capital, sem starfa ekki á mörkuðum innan Evrópska efnahagssvæðisins má finna á eftirfarandi vefslóð: <https://www.digitalcolony.com/our-companies>.

Hin keyptu félög

- **S8108.** S8108 er í eigu Sýn. Félagið var stofnað í þeim tilgangi að taka við eignarhaldi á óvirkum fjarskiptainnvíðum Sýnar sem liður í sölu innviðanna til ITP.
- **Nova Sendastaðir.** Nova Sendastaðir er í eigu Nova. Félagið var stofnað í þeim tilgangi að taka við eignarhaldi á óvirkum fjarskiptainnvíðum Nova sem liður í sölu innviðanna til ITP.

5. kafli

Persónuleg og fjárhagsleg tengsl og fyrri yfirtökur

5.1. Yfiráð félaga

- (49) Varðandi yfiráð þeirra félaga sem hér eru til skoðunar yfir öðrum félögum vísast til umfjöllunar hér að framan í kafla 4. Félögin fara ekki með yfiráð yfir öðrum fyrirtækjum en þar eru tilgreind.

5.2. Hlutafélagabátttaka stjórnar og framkvæmdastjórnar

- (50) Engin í félagsstjórn eða framkvæmdastjórn Colony Capital, eða annarra fyrirtækja undir yfiráðum Colony Capital, á einnig sæti í stjórn annars fyrirtækis sem rekur starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir á Íslandi. Upplýsingar um hlutafélagabátttöku núverandi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra ITP og ETIX, sbr. umfjöllun í 4. kafla, fylgja með samrunaskrá þessari, sbr. **fylgiskjal nr. 19**. Gert er ráð fyrir því að nýir aðilar taki sæti í stjórn S8108 og Nova sendastaðir við framkvæmd.

5.3. Kaup á fyrirtækjum

- (51) Hjá þeim fyrirtækjahóp sem tilgreindur er í 4. kafla hér að framan er ekki fyrir að fara neinum kaupum á fyrirtækjum sem stunda starfsemi á þeim mörkuðum sem áhrifa gætir á undanförunum þremur árum. Til upplýsinga skal nefnt að árið 2020 eignaðist Colony Capital, í gegnum Vantage Europe, Etix, sem eins og áður segir starfrækir gagnver á Íslandi, en sú starfsemi er ekki á markaði sem áhrifa gætir. Um þetta vísast til fyrri umfjöllunar um Vantage Data Centres Europe í kafla 4. Viðskiptin voru tilkynnt til og samþykkt af framkvæmdastjórn ESB.

6. kafli

Skilgreiningar á mörkuðum

d) Skilgreining á viðkomandi vöru- og þjónustumörkuðum og landfræðilegum markaði. Lýsing á mörkuðum þar sem áhrifa gættir ásamt áætlun um markaðsstyrk samrunaaðila fyrir og eftir samrunann á mörkuðum þar sem áhrifa gættir fyrir og eftir samrunann;

A. Almennt um starfsemi samrunaaðila

Colony Capital

- (52) Eins og fram hefur komið þá er eina starfsemi Colony Capital og samstæðu þess á Íslandi í tengslum við gagnaver undir sameiginlegum yfirláðum Colony Capital og annars aðila, en sá markaður er ótengdur markaðinum fyrir óvirka fjarskiptainviði. Colony Capital og samstæða þess koma ekki að annarri starfsemi á Íslandi. Starfsemi félaga undir yfirláðum Colony Capital annars staðar á evrópska efnahagssvæðinu er lýst í kafla 4.

Hin keyptu félög

- (53) S8108 og Nova Sendastaðir munu á grundvelli eignasölusamninganna eiga tiltekna óvirka fjarskiptainviði sem voru í eigu Sýn annars vegar og Nova hins vegar, og þá nánar tiltekið flesta *stærri sendastaði* (e. *macro sites*) sem samanstanda af sjálfstæðum turnum og möstrum/turnum á húspökum, sbr. nánar hér á eftir.
- (54) Fjarskiptanet samanstanda af fjölda RAN-sendastaða (e. *Radio-access network sites*), sem eru í grunninn möstur sem hýsa virk loftneti og fjarskiptatíðnikerfi sem tengt er við kjarnanet (e. *core network*) í gegnum landtengingar (e. *backhaul connections*). Slíkir sendastaðir samanstanda bæði af virkum netþáttum (virki sendibúnaðurinn sem er notaður til þess að senda tíðnir) og óvirkum þáttum, þ.e. þeir óvirku innviðir sem eru notaðir til þess að hýsa virka búnaðinn og eru andlag þeirra viðskipta sem hér eru til skoðunar.
- (55) Um skilgreiningu á óvirkum innviðum vísast til skilgreiningar 10. töluliðar 3. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti á hugtakinu „efnislegt grunnvirki“, sem er skilgreint sem *netþáttur sem er ætlað að hýsa aðra netþætti án þess að verða sjálfur að virkum þætti í netinu, svo sem rör, möstur, lagnir, brunnar til að sinna eftirliti, mannop, tengikassar, byggingar eða inngangar að byggingum, loftnetsbúnaður, turnar og súlur*. Í tilfelli fjarskipta þá eru óvirku innviðirnir í grunninn turnar og aðrir innviðir sem eru notaðir til þess að hýsa þann virka sendibúnað sem myndar RAN-kerfið.
- (56) Samruni þessi tekur aðeins til óvirkra innviða sem voru áður í eigu Sýn og Nova. [...] ²⁸

- (57) Keyptu félögin fara með eignarhald á samtals 367 sendastöðum, en þar af verða 200 í eigu S8108 (Sýn) og 167 í eigu Nova Sendastaðir (Nova). [...] ²⁹

B. Skilgreining viðkomandi markaða

- (58) Með hliðsjón af framangreindu, og til samræmis við ákvarðanir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem gerð verður grein fyrir hér á eftir, telja samrunaaðilar að áhrifa gæti á **markaði fyrir aðstöðuleigu á óvirkum fjarskiptainnvíðum til farnetsrekenda á Íslandi**. Verður nú gerð nánar grein fyrir skilgreiningu markaðarins.

I. Viðkomandi vöru-/þjónustumarkaðir

- (59) [...] ³⁰
- (60) Til þessa hafa farnetsrekendur á Íslandi verið eigendur óvirkra fjarskiptainnvíða, þ.e. Síminn/Míla, Nova og Sýn. Þau fyrirtæki hafa fyrst og fremst notað óvirku innvíðina fyrir eigin sendibúnað. ³¹ [...] ³² Í samræmi við þetta þá er markaðurinn fyrir aðstöðuleigu á óvirkum fjarskiptainnvíðum til farnetsrekenda nýlegur markaður sem er í mótun, og er bein samkeppni milli Sýn og Nova á þessum markaði takmörkuð.
- (61) Hérlandis hefur ekki áður verið starfandi aðili sem aðeins rekur óvirka fjarskiptainnvíði, án tengsla við farnetsrekendur, og verður ITP þannig fyrsta fyrirtækið sem sinnir þessu hlutverki. Slík fyrirtæki eru vel þekkt erlendis og eru jafnan kölluð „independant tower company“ eða „Towerco“, sem útleggst á íslensku „sjálfstætt turnfélag“. Einnig, eins og nánar er fjallað um í kafla 9, þá hefur reynslan erlendis sýnt að sjálfstæð turnfélög geta haft í för með sér umtalsverð jákvæð áhrif svo sem sparnað og aukna samkeppni, en meðalfjöldi farnetsrekenda á sendastöðum innan Evrópu er 2.4 þegar um er að ræða sendastaði í eigu sjálfstæðra turnfélaga en 1.3 á sendastöðum í eigu farnetsrekenda.
- (62) Það að um er að ræða nýlegan markað í mótun endurspeglast einnig í því að takmörkuð fordæmi eru til staðar hérlendis varðandi markaðsskilgreiningar sem snerta markaði tengda óvirkum fjarskiptainnvíðum. Eftir því sem samrunaaðilar best vita þá hefur ekki komið til þess að SE hafi í ákvörðunum sínum skilgreint markað fyrir aðstöðuleigu á óvirkum fjarskiptainnvíðum til farnetsrekenda, þó minnst hafi verið á óvirk fjarskiptainnvíði að litlu leyti, sbr. t.d. kafla 2.4 í ákvörðun SE nr. 14/2015 („Undanþága Vodafone og Nova vegna samstarfs um rekstur dreifikerfis“) og mgr. 52 í riti SE nr. 1/2020 („Samstarf eða samkeppni? - Uppbygging fjarskiptainnvíða“).
- (63) Undanfarin ár hefur það verið að aukast innan Evrópu að fjarskiptafyrirtæki selji óvirka innvíði í sinni eigu og leigi þess í stað aðstöðu fyrir sendibúnað sinn af sjálfstæðum

²⁹ TRÚNAÐARMÁL.

³⁰ TRÚNAÐARMÁL.

³¹ Til upplýsinga, þá er það skilningur aðila að Míla veiti almenna hýsingar/aðstöðu-þjónustu (fyrst og fremst fyrir fastanet).

³² TRÚNAÐARMÁL.

turnfélögum. Það hefur því myndast talsverð framkvæmd innan Evrópu sem hægt er að líta til.

- (64) Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur áður skilgreint markað fyrir aðstöðuleigu fyrir stafrænan fjarskiptabúnað (e. *hospitality services for digital mobile radio-telecommunications equipment*).³³ Í nýlegri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar var markaðinum skipt nánar niður eftir tegund búnaðar sem hýstur væri á viðkomandi fjarskiptainnvíðum. Þannig var greint á milli markaðar fyrir aðstöðuleigu á stærri sendastöðum (e. *hospitality services on macro-sites*) og minni sendastöðum (e. *hospitality services on micro-sites*).
- i) Til stærri sendastaða (e. *macro-sites*) teljast sjálfstætt standandi turnar og turnar/möstur á þökum bygginga.³⁴ Markaðurinn fyrir aðstöðuleigu á óvirkum fjarskiptainnvíðum til farnetsrekenda felur jafnan í sér að leigð sé aðstaða á þessum tveimur tegundum óvirkra fjarskiptainnvíða.
 - ii) Til minni sendastaða (e. *micro-sites*) teljast smásellur og dreifð loftnetskerfi (e. *Distributed Antenna Systems/DAS*). Þessir minni sendastaðir kom til fyllingar stærri sendastöðum þegar ekki kemur til greina að bæta við viðbótar stærri sendastöðum, t.d. þar sem það er ekki passandi eða óhæfilega kostnaðarsamt, og tryggja nægjanlega dekkun í byggingum og á mjög þéttbýlum svæðum.³⁵
- (65) Viðskiptin sem hér eru til skoðunar varða einungis stærri sendastaði, þ.e. *macro-sites*, þar sem Nova og Sýn munu einungis selja sendastaði sem eru sjálfstæðir turnar eða turnar/möstur á húspökum í þessum viðskiptum, en halda eftir minni stöðvum (e. *micro sites*) og fáeinum stærri sendastöðum.
- (66) Colony Capital telur rétt að skilgreina einn markað fyrir *aðstöðuleigu á óvirkum fjarskiptainnvíðum til farnetsrekenda* sem taki bæði til stærri og smærri sendastaða, með hliðsjón af því að talsverð staðganga er milli sendastaðanna og að allir farnetsrekendurnir hérlendis eiga „allan skala“ þessara óvirku innviða. Þá er lítið til þess að sjálfstæð turnfélög líta jafnan svo á að sú þjónusta sem þeir veita, þ.e. aðstöðuleiga, tilheyri einum heildar markaði.
- (67) Í öllu falli þá munu viðskiptin að mati samrunaaðila ekki hafa í för með sér samkeppnisleg vandkvæði óháð því hvort stærri og minni sendastaðir verða taldir tilheyra sama markaði eða aðskildum mörkuðum.

II. Viðkomandi landfræðilegur markaður

³³ Sjá ákvarðanir [30. apríl 2003 í máli COMP/38.370 – O2 UK Limited / T-Mobile UK Limited \('UK Network Sharing Agreement'\)](#), mgr. 45-51, og [16. júlí 2003 í máli COMP/38.369 – T-Mobile Deutschland/O2 Germany \('Network Sharing Rahmenvertrag'\)](#), mgr. 49-55.

³⁴ Sjá ákvörðun M.9674, mgr. 37, og til hliðsjónar skýrslu E&Y fyrir European Wireless Infrastructure Association ([fylgiskjal 21](#), bls. 31).

³⁵ Sjá ákvörðun M.9674, mgr. 38, og til hliðsjónar [fylgiskjal 21](#), bls. 31

- (68) Samrunaaðilar telja að landfræðileg afmörkun markaðar fyrir aðstöðuleigu á óvirkum fjarskiptainnviðum til farnetsrekenda sé *landið allt*. Því til stuðnings vísa samrunaaðilar til fyrrgreindrar ákvörðunar framkvæmdastjórnar ESB í máli M.9674, einkum mgr. 83-84, þar sem framkvæmdastjórnin staðfesti að markaðurinn fyrir aðstöðuleigu á óvirkum fjarskiptainnviðum til farnetsrekenda væri landsbundin.
- (69) Þá vísast einnig til þess að SE hefur jafnan litið svo á að markaðir sem tengjast fjarskiptum sé almennt afmarkaðir landfræðilega við landið allt, sbr. t.d. ákvarðanir SE nr. 5/2018 („Samruni Nova hf. og Símafélagsins ehf.“), mgr. 56-57, og 42/2017 („Samruni Fjarskipta hf. og 365 miðla hf.“), mgr. 321-322.
- (70) Hvað sem þessu líður þá er hér talið að viðskiptin muni ekki hafa nein samkeppnisleg vandkvæði í för með sér, óháð niðurstöðu um landfræðilega afmörkun markaðarins.

III. Samruninn hefur engin samkeppnisleg vandkvæði í för með sér á markaði þar sem áhrifa gætir

- (71) Í bréfi SE 14. maí 2021 var óskað eftir að í kafla 6 yrði gerð grein fyrir áætluðum markaðsstyrk samrunaaðila á þeim mörkuðum þar sem áhrif gætir fyrir og eftir samrunan.
- (72) Að mati samrunaaðila mun samruninn ekki hafa í för með sér nein lárétt eða lóðrétt samkeppnisleg vandkvæði á markaði sem áhrif gætir, þ.e. markaði fyrir aðstöðuleigu á óvirkum fjarskiptainnviðum til fjarnetsrekenda.

Engin lárétt samkeppnisleg vandkvæði

- (73) Eins og fram hefur komið þá er markaðurinn sem áhrifa gætir markaðurinn fyrir aðstöðuleigu á óvirkum fjarskiptainnviðum til farnetsrekenda. Við fyrstu sýn mætti ætla að fækkun verði á aðilum á viðkomandi markaði. Þetta er þó ekki rétt að mati samrunaaðila, og mun samruninn ekki, að þeirra mati, hafa í för með sér lárétt samkeppnisleg vandkvæði af eftirfarandi ástæðum:
- (74) Í *fyrsta lagi*, þegar viðskiptin eru skoðuð í samhengi við núverandi markaðsaðstæður, þá má í raun segja að til verði nýr markaður, sem er í eðli sínu samkeppnishvetjandi.
- (75) Við núverandi aðstæður er markaður fyrir aðstöðuleigu á óvirkum fjarskiptainnviðum til farnetsrekenda ekki raunverulega virkur vegna þess að (i) farnetsrekendurnir eru lóðrétt samþættir við sína eigin óvirku innviði; og (2) aðstöðuleigu milli farnetsrekenda er takmörkuð, [...] Eins og áður hefur verið nefnt þá veitir Síminn, gegnum Mílu, almenna hýsingar/aðstöðu-þjónustu, en aðallega fyrir fastanet.
- (76) Þau viðskipti sem hér eru til skoðunar munu leiða til þess að rúmlega þriðjungur stórra sendastaða, sem og sú starfsemi sem felst í aðstöðuleigu á óvirkum fjarskiptainnviðum til farnetsrekenda, verður í höndum „þriðja aðila“ – ITP – sem verður undir yfirráðum Colony Capital (í gegnum Digital Colony), sem hefur víðtæka reynslu af því að eiga og reka sjálfstæð turnfélög. Sem dæmi þá hefur Digital Colony rekið fyrirtækið Digita í Finnlandi með góðum árangri, sem er stærsti eigandi og rekstraraðili svokallaðra DTT turna í Finnlandi, sem og félög sem tengjast fjarskiptainnviðum í Ameríku og Asíu.

- (77) ITP, sem er ekki lóðrétt samþætt við rekstur á fráliggjandi mörkuðum, hefur mun meiri hvata til þess að veita öðrum þriðju aðilum en Sýn og Nova aðgang að innviðunum, þar sem það er til þess fallið að auka arðsemi ITP. [...] ³⁶
- (78) Því til viðbótar munu viðskiptin minnka annars umtalsverða aðgangshindrun inn á markaði farnetsrekenda, þar sem möguleg nýir rekendur farneta þurfa ekki lengur að reiða sig á þá farnetsrekendur sem þegar eru fyrir á markaði. Viðskiptin eru því til þess fallin að stuðla að virkari samkeppni á markaði fyrir aðstöðuleigu á óvirkum fjarskiptainnviðum á Íslandi.
- (79) Loks má nefna að samrunaaðilar hafa fengið veður af því að Síminn/Míla sé að að skoða möguleikann á því að koma óvirkum innviðum sínum í verð, sem kann að auka enn frekar samkeppni á þessum vaxandi markaði fyrir aðstöðuleigu á fjarskiptainnviðum.
- (80) Í *öðru lagi* þá mun ITP vera annar stærsti aðilinn á markaðinum á eftir Símanum/Mílu þegar litið er til fjölda sendastaða. Í þessu samhengi er bent á að upplýsingar um hlutdeild út frá tekjum eru ekki tiltækar þar sem starfsemi farnetsrekenda á viðkomandi markaði er takmörkuð, auk þess sem farnetsrekendurnir eru lóðrétt samþættir og hafa því nýtt sín óvirku innviði fyrst og fremst til sinna eigin þarfa. Því telja samrunaaðilar að helst komi til greina að líta til fjölda sendastaða í eigu og rekstri aðila til þess að meta markaðshlutdeild og markaðsstyrk.
- (81) Á Íslandi eru um 1.000-1.100 sendastaðir og tekur þessi samruni til 367 þeirra. Af þeim þá eru nú 200 í eigu S8108 og 167 í eigu Nova Sendastaðir, en megnið af öðrum í eigu Símans/Mílu. Eins og sést í töflunni hér að neðan þá áætla samrunaaðilar, samkvæmt því sem þeir best vita, að markaðshlutdeild aðila á hlutaðeigandi markaði sé þannig að Símin/Míla er með hæstu markaðshlutdeildina, eða um 49-54%, á meðan S8108 (Sýn) er með um 18-20% og Nova Sendastaðir (Nova) með 15-16%. Eftir samrunan er markaðshlutdeild Símans/Mílu óbreytt, en áætlað er að hið nýja fyrirtæki muni vera með um 33-36% hlutdeild:

³⁶ TRÚNAÐARMÁL.

Fyrir samruna			Eftir samruna		
	Fjöldi sendastaða	%		Fjöldi sendastaða	%
Síminn / Míla	500-600	49-54%	Síminn / Míla	500-600	49-54%
Nova	167	15-16%	Colony Capital / ITP	367	33-36%
Sýn	200	18-20%			
Aðrir (RÚV og Neyðarlínan)	150	13-15%	Aðrir (RÚV og Neyðarlínan)	150	13-15%
			Nova	0	0% ³⁷
			Sýn	2	0%

Tafla 1: Áætluð markaðshlutdeild aðila

- (82) Það skal nefnt að markaðshlutdeildartölur sem eru tilgreindar í framangreindri töflu innihalda ekki minni sendastaði. Að teknu tilliti til staðgöngu milli stærri og minni sendastaði (sérstaklega í þéttbýli) telja samrunaaðilar að framangreindar hlutdeildartölur feli í raun í sér ofmat á markaðsstyrk ITP. Til viðbótar þá er það skilningur aðila að Orkuveita Reykjavíkur (OR) leigi aðstöðu á sumum sendastöðum farnetsrekandanna fyrir virkan sendibúnað. Tilkynnandi hefur þó ekki upplýsingar um fjölda sendastaða sem OR leigir.

Engin lóðrétt samkeppnisleg vandkvæði

- (83) Eins og fram kemur hér að neðan, þá valda viðskiptin engum samkeppnislegum vandkvæðum varðandi (i) aðgengi að aðföngum, (ii) aðgengi að viðskiptavinum; (iii) hættu á samhæfingu eða (iv) þrýstingi á verð til neytenda.
- i) Viðskiptin hafa ekki í för með sér hættu á útilokunaráhrifum hvað varðar aðgengi að aðföngum á efra sölustigi (e. *input foreclosure*)**
- (84) Í grunninn munu viðskiptin hafa það í för með sér að sendastaðir áður í eigu Sýnar annars vegar og Nova hins vegar færast undir yfirráð sjálfstæðs aðila – Colony Capital.
- (85) Efnahagslegir hvatar Colony Capital eru ólíkir hvötum farnetsrekandanna, og mun fyrirtækið hafa sterka hvata til þess að auka viðskipti við þriðju aðila til þess að hámarka tekjur og arðsemi ITP, og það óháð mögulegum áhrifum á starfsemi Sýnar og Nova á fráliggjandi mörkuðum. Samkvæmt þjónustusamningunum er ITP heimilt að markaðssetja laust rými á sendastöðum til þriðju aðila.
- (86) Fyrir vikið minnka viðskiptin hættuna á útilokandi áhrifum hvað varðar aðgengi að aðföngum á efra sölustigi og tryggir virkari samkeppni á fráliggjandi fjarskipta-mörkuðum.

³⁷ [...]

ii) Viðskiptin hafa ekki í för með sér hættu á útilokunaráhrifum með takmörkum aðgangis að viðskiptavinagrunni (e. *customer foreclosure*)

(87) Í grunninn breyta viðskiptin afar litlu hvað aðgengi að viðskiptavinum. Ef eitthvað er þá er líklegt að viðskiptin dragi úr hættu á útilokunaráhrifum, þ.e. hættunni á að viðskiptin muni takmarka aðgang núverandi eða mögulegra keppinauta á efra sölustigi að viðunandi viðskiptavinagrunni á lægra sölustigi.

(88) [...] ³⁸

(89) Af þessu leiðir að viðskiptin draga verulega úr hættu á útilokun frá viðunandi viðskiptavinagrunni, og auka frekar samkeppni á markaði fyrir aðstöðuleigu á óvirkum fjarskiptainnviðum til farnetsrekenda á Íslandi, með því að losa tvo af þremur farnetsrekendum á Íslandi við stærstan hluta óvirka innviða sinna og skapa þar með aukna hvata fyrir þá til að eiga viðskipti við aðra, samanborið við stöðuna fyrir samrunann.

iii) Viðskiptin hafa ekki í för með hættu á samhæfingu

(90) Raunar munu viðskiptin líklega draga úr hættu á samhæfingu milli Sýn og Nova.

(91) [...] ³⁹

(92) Þessu til viðbótar þá er í þjónustusamningunum að finna ákvæði sem koma í veg fyrir upplýsingaskipti á samkeppnislega viðkvæmum upplýsingum milli Sýn og Nova.

iv) Viðskiptin munu ekki, að öðru leyti, valda verðhækkunum til neytenda í gegnum hærri aðstöðukostnað fyrir farnetsrekendur

(93) [...] ⁴⁰

IV. Markaðir þar sem áhrifa gætir ekki

(94) Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir starfsemi Colony Capital og fyrirtækjum undir yfirráðum Colony Capital. Eins og þar kemur fram þá hefur Colony Capital yfirráð yfir Vantage Data Centres Europe, sem m.a. á og rekur gagnaver á Íslandi. Starfar fyrirtækið þannig á markaði sem í ákvörðunum SE hefur verið skilgreindur sem *gagnaversmarkaður*, sbr. ákvörðun SE nr. 23/2018 („Samruni Opinna kerfa hf., Sýn hf., Korputorgs ehf., Reiknistofu bankanna hf. og RKF ehf.“). Samruni þessu hefur ekki áhrif á þann markað. Jafnframt hefur samruninn engin áhrif á markaði sem Colony Capital og tengd fyrirtæki starfa á utan Íslands.

³⁸ TRÚNAÐARMÁL.

³⁹ TRÚNAÐARMÁL.

⁴⁰ TRÚNAÐARMÁL.

- (95) S8108 og Nova Sendastaðir koma ekki að starfsemi á öðrum mörkuðum en markaði fyrir aðstöðuleigu á óvirkum fjarskiptainnviðum.
- (96) Samrunaaðilar starfa ekki á öðrum mörkuðum en gerð hefur verið grein fyrir hér að framan. Tekið skal fram að eftir bestu vitund samrunaaðila mun starfsemi Sýn og Nova, núverandi eigenda S8108 og Nova Sendastaðir, haldast óbreytt á þeim mörkuðum sem þau félag starfa á.

7. kafli

Upplýsingar um markaði þar sem áhrifa gætir

- a) **Stærð skilgreindra markaða** – Sjá kafla 6 hér að framan.
- b) **Markaðshlutdeild samrunaaðila** – Sjá kafla 6 hér að framan.
- c) **Mat á heildarverðmæti og heildarmagni og uppruna innflutnings** – Sjá kafla 6 hér að framan. Rétt er að taka fram að umfjöllun um innflutning á ekki við í þessu máli.
- d) **Hvernig staðið er að sölu á þjónustu**

(97) [...] ⁴¹

- e) **Eðli og umfang lóðréttrar samþættingar miðað við helstu keppinauta**

(98) Eins og útskýrt er hér að framan þá eru óvirkir innviðir annars vegar Sýnar og hins vegar Nova lóðrétt samþættir við aðra starfsemi fyrirtækjanna. Viðskiptin munu leiða til stofnunar fyrsta sjálfstæða turnfélagsins á Íslandi (ITP), sem mun því draga úr lóðréttri samþættingu í fjarskiptaiðnaði á Íslandi. Stærsti keppinautur ITP verður Síminn/Míla, sem er lóðrétt samþætt félag og jafnframt stærsti farnetsrekandinn sem og stærsti rekstraraðili óvirkra fjarskiptainnviða á Íslandi.

- f) **Sundurliðun tekna í ársreikningi** – Að mati samrunaaðila á þetta ekki við í því máli sem hér er til umfjöllunar.

- g) **Upplýsingar um helstu kostnaðarliði og kostnaðaruppbyggingu samrunaaðila** –

(99) [...] ⁴²

⁴¹ TRÚNAÐARMÁL.

⁴² TRÚNAÐARMÁL.

8. kafli

Almenn skilyrði á mörkuðum þar sem áhrifa gætir

e) Greinargóðar og myndrænar lýsingar á fjarskiptainnviðum Nova hf. annars vegar og Sýnar hf. hins vegar sem samruninn varðar og lýsingu á landfræðilegri dreifingu innviðanna, afkastagetu þeirra, samtengingu og önnur atriði sem máli skipta fyrir mat á áhrifum samrunans.

Myndrænar lýsingar á innviðum og lýsing á landfræðilegri dreifingu þeirra

[...] ⁴³

(100) Eins og áður segir varðar samruninn 367 sendastaði, en af þeim voru áður 200 í eigu Sýnar og 167 í eigu Nova. Umræddir sendastaðir eru á mismunandi landsvæðum, en megnið af innviðum sem áður voru í eigu Sýn eru á dreifbýlum svæðum en innviðir Nova mestmegnis í þéttbýli.

(101) [...] ⁴⁴

Afkastageta

(102) [...] ⁴⁵

Samtenging

(103) Þeir innviðir sem samruninn tekur til eru á mismunandi landsvæðum, sbr. fyrri umfjöllun. Það er því engin samtenging til staðar milli þeirra innviða sem eru undir viðskiptunum, þar sem aðeins er um að ræða óvirka innviði (þ.e. sjálfstæð, óvirk mannvirki).

Önnur atriði sem skipta máli við mat á áhrifum samrunans

(104) Að mati samrunaaðila eru engar sérstakar aðgangshindranir fyrir hendi á viðkomandi markað, hvorki varðandi aðgengi nýrra aðila né til stækkunar hjá þeim sem fyrir eru. Til þess að hefja starfsemi á viðkomandi markaði þarf fyrst og fremst fjármögnun og aðgengi að hentugu svæði/fasteignum. Tilkoma innviða fyrir 5G net, með smærri PoP (e. *Point of Presence*) gæti með tímanum orðið annar valkostur fyrir farnetsrekendur, og þá sérstaklega ef farnetsrekendur fá heimild til þess að koma á fót einu landsbundnu 5G RAN kerfi. Jafnvel þó eitt 5G RAN kerfi raungerist ekki, þá mun tilkoma fjöldi smærri 5G PoP líklega verða til þess að mikilvægi stærri sendastaða minnki. [...] ⁴⁶

Birgjar

⁴³ TRÚNAÐARMÁL.

⁴⁴ TRÚNAÐARMÁL.

⁴⁵ TRÚNAÐARMÁL.

⁴⁶ TRÚNAÐARMÁL.

(105) [...] ⁴⁷

Hvernig framboði er háttáð

f) Áætlanir kaupanda um að auka nýtingu umræddra innviða, og raunverulega möguleika hans í þeim efnum og upplýsingar um afkastagetu hinna keyptu eigna til þess að bæta við virkum fjarskiptabúnaði / leigutökum, sem kynni þannig að fjölga rekendum fjarskiptakerfa á innviðum eða innviðaneti Digital Colony;

(106) Samruni þessi mun leiða til stofnunar fyrsta sjálfstæða turnafélagsins á Íslandi, en líkt og fjallað hefur verið um hér að framan hefur starfsemi slíkra félaga farið vaxandi víðast hvar í Evrópu og í Bandaríkjunum á undanförunum árum. Eins og fram er komið liggja viðskiptalegar forsendur kaupanda að baki samrunanum einkum í því að fjárfesta í stöðugu eignasafni með tryggar langtíma tekjur.

(107) [...] ⁴⁸

(108) ITP mun formlega markaðssetja aðstöðuna til aðila sem reka virkan sendibúnað þar sem rými er til, sem hvorki Sýn né Nova hafa skuldbundið sig til að leigja, og mun þannig opna notkun sendastaðanna til stærri hóps mögulegra leigutaka, en með þessu eru opnuð tækifæri fyrir aukna samkeppni á fjarskiptamarkaði. [...] ⁴⁹

(109) [...] ⁵⁰

(110) Það er ákjósanlegt fyrir ITP að bæta við sendastöðum, sem og nýjum leigutökum, og mun það verða lykil markmið fyrirtækisins eftir að starfsemi hefst, sem er til þess fallið að auka möguleika fyrir aukna samkeppni og betri dekkun farsímadreifikerfis fyrir neytendur.

Hvernig eftirspurn er háttáð

(111) [...] ⁵¹

(112) Hérlandis reyna farnetsrekendurnir þrír (Síminn, Sýn og Nova) reglulega að bæta farsímanet sín með því að bæta við nýjum sendastöðum. Þegar fyrirtækin hafa í hug að bæta við sendastaðöðum fyrir net sitt þá geta þau ýmist byggt þá sendastaði sjálf, eða fengið fyrirtæki eins og ITP til þess að byggja og reka sendastaði fyrir þau.

(113) Eftir að þau viðskipti sem hér eru til skoðunar eiga sér stað þá eru Sýn og Nova [...] ⁵² frjálst að byggja og reka nýja sendastaði sjálf eða að leigja aðstöðu hjá Mílu eða eftir atvikum öðrum aðilum, ef þau skyldu ekki vilja notast við þjónustu ITP.

⁴⁷ TRÚNAÐARMÁL.

⁴⁸ TRÚNAÐARMÁL.

⁴⁹ TRÚNAÐARMÁL.

⁵⁰ TRÚNAÐARMÁL.

⁵¹ TRÚNAÐARMÁL.

⁵² TRÚNAÐARMÁL.

- (114) Þar sem það eru engar takmarkanir á fjarskiptafyrirtækin varðandi byggingu og rekstur eigin sendastaða þá er tryggt að samkeppni varðandi verð og gæði mun vera til staðar á markaðinum. Sérþekking varðandi byggingu sendastaða verður ekki eingöngu hjá ITP, og mun ITP einnig notast við verktaka til þess að byggja sendastaði og þeir verktakar eru öllum aðgengilegir. Það verður þannig engin sérþekking innan ITP sem markaðurinn í heild getur ekki haft aðgang að.
- (115) Eins og þegar hefur komið fram þá mun ITP markaðssetja tiltækt pláss á sendastöðum sínum, en með því verða þeir óvirku innviðir sem nú er í eigu Sýnar og Nova gerð aðgengileg fyrir breiðari hóp viðskiptavina, og samkeppni þannig aukin á fjarskiptamarkaði. Þá mun ITP veita samkeppni á markaðinum fyrir aðstöðuleigu á óvirkum fjarskiptainnviðum, sem mun tryggja verðsamkeppni um leigutaka.

Rannsóknir og þróun

- (116) Þó rannsóknir og þróun séu ekki lykilatriði fyrir samkeppni þegar kemur að markaðinum fyrir aðstöðuleigu á óvirkum fjarskiptainnviðum til farnetsrekenda, þá eru markaðsaðilar stöðugt vakandi fyrir endurbótum varðandi tækni, umhverfisfótspor, hönnun og fleiri tengdum atriðum. ITP mun þannig njóta góðs af þekkingu á framförum á öðrum mörkuðum innan Evrópu. [...] ⁵³


⁵³ TRÚNAÐARMÁL.

9. kafli

Áhrif á neytendur og milliliði

h) Hvernig hinn fyrirhugaði samruni er til hagsbóta fyrir neytendur og með hvaða hætti samrunaaðilar munu ná þeim hagsbótum fram. Skal því lýst nákvæmlega og allir mögulegir kostir fyrir neytendur tilgreindir.

- (117) Eins og fram kom á forviðræðufundi 23. apríl 2021, þá hefur sjálfstæðum turnfélögum fjölgað innan Evrópu. Þannig hefur hlutdeild slíkra turnfélaga aukist frá um 13% árið 2014 til 20% árið 2020, og er áætlað að þróunin muni halda áfram með svipuðum hætti. Sjá neðangreinda töflu:



Tafla 2: Hlutdeild sjálfstæðra turnfélaga innan Evrópu

- (118) Í samræmi við þessa þróun þá hefur Vodafone nýlega lokið við að skrá turnfélag sitt, Vantage towers, á hlutabréfamarkað.⁵⁴
- (119) Skýrsla Ernst & Young Parthenon (EY-Parthenon) frá nóvember 2020 („The economic contribution of the European tower sector - A report for the European Wireless Infrastructure Association“) gefur gott yfirlit yfir efnahagsleg áhrif þess að rekstur óvirkra fjarskiptainnvíða er færður til sjálfstæðra turnfélaga (sjá fylgiskjal **24**).
- (120) Helstu niðurstöður skýrslunnar eru eftirfarandi:

⁵⁴ Sjá: [Vodafone's Vantage Towers climbs after Germany's biggest IPO since 2018 | Reuters](#). [...]

- (121) Í *fyrsta lagi* þá hefur samnýting leigutaka á sendastöðum í för með sér lægri heildarkostnað fyrir farsímafyrirtæki, það hjálpar við að auka dekkun kerfa og lækkar kostnað neytenda. Meðalfjöldi farnetsrekenda á sendastöðum innan Evrópu 2.4 þegar um er að ræða sendastaði í eigu sjálfstæðra turnfélaga en 1.3 á sendastöðum í eigu farnetsrekenda.
- (122) Í *öðru lagi* þá losar sala sambættra farnetsrekenda á óvirkum innviðum sínum um fjármagn sem nýtist í fjárfestingar í núverandi kerfum og nýrri þjónustu. Einnig geta sjálfstæð turnfélög dregið úr kostnaði innviða, sem gerir það að verkum að ódýrara er að útvíkka dekkun til dreifbýlli svæða mun fyrr en ella, og auka afkastagetu á þéttbýlum svæðum. Þá leiðir aukin samnýting sendastaða til þess að færri sendastaði þarf til þess að anna eftirspurn, sem leiðir til þess að umhverfisáhrif verða minni en ella. Samrunaaðilar telja þannig að innkoma sjálfstæðs turnfélags á markaðinn fyrir aðstöðuleigu á óvirkum fjarskiptainnviðum sé án efa til þess fallin að ná fram hagsbótum fyrir neytendur, bæði hvað varðar verð og gæði þjónustu.
- (123) Þetta er í samræmi við niðurstöður annarra viðurkenndra greinenda, sem taka fram að sala á þeim hluta starfseminnar sem varðar óvirka innviði – sem eru jafnan verðmetnir mun hærra en þegar þeir eru hluta af rekstrareignum farnetsrekenda – gerir farnetsrekendum kleift að beina kröftum sínum og fjármunum að kjarnastarfsemi sinni til þess að skapa sér samkeppnisforskot, eins og nýjum tíðnum eða uppfærslu á virkum búnaði til þess að auka gæði, nýju efni eða þjónustu, eða í gegnum markaðsstarf og auglýsingaherferðir (sjá **fylgiskjal 25**, bls. 3).
- (124) Eins og fram hefur komið þá verður til með samrunanum fyrsta sjálfstæða turnfélagið á markaði fyrir aðstöðuleigu á óvirkum fjarskiptainnviðum á Íslandi. Samrunaaðilar telja eðlilegt að gera ráð fyrir að með því náist fram hagsbætur með sambærilegum hætti og gerst hefur innan Evrópu og lýst er hér að framan. Þessi áhrif munu mögulega koma fram fyrr, sbr. fyrri umfjöllun um að Síminn/Míla virðist vera að skoða möguleikann á að koma innviðum sínum í verð.
- (125) ITP hefur beinan hvata til þess að auka afkastagetu sína, bæði með því að fullnýta ónýtt pláss á sendastöðum og með byggingu nýrra sendastaða. Mun það hafa í för með sér aukna möguleika fyrir virka samkeppni milli farnetsrekenda, betri dekkun farsímadreifikerfis og lægri kostnað fyrir neytendur.
- (126) [...]⁵⁵
- (127) Loks skal það nefnt að samkeppni á fjarskiptamörkuðum á Íslandi er mikil [...]⁵⁶. Fjarskiptafyrirtæki hafa því hvata til þess að keppa, bæði hvað varðar verð og gæði þjónustu. Samrunaaðilar telja því rökrétt að Sýn og Nova muni nýta sér þau tækifæri

⁵⁵ TRÚNAÐARMÁL.

⁵⁶ TRÚNAÐARMÁL.

sem viðskiptin opna varðandi fjárfestingar í núverandi og nýrri þjónustu, sem er til hagsbóta fyrir neytendur.

10. kafli

Samstarfsáhrif sameiginlegs verkefnis

- (128) Hér er ekki um að ræða samruna í skilningi d-liðar 2. gr. reglna nr. 1390/2020, um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum sbr. d-lið 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga (sameiginlegt verkefni), þar sem viðskiptin hafa í för það í för með sér að Colony Capital öðlast eitt yfirráð yfir óvirkum innviðum áður í eigu Sýn og Nova.
- (129) Viðskiptin geta því ekki leitt til hættu á einhverskonar skaðlegum samhæfingaráhrifum (e. *spill-over coordination concerns*), sem samkvæmt hugtaksskilgreiningu getur aðeins átt við um sameiginleg verkefni (e. *joint venture*).
- (130) Ekki gerist því þörf á að fjalla sérstaklega um þau atriði sem spurt er um í X. kafla viðauka I við framangreindar reglur nr. 1390/2020.
- (131) Í fyrrnefndu erindi SE frá 14. maí 2021 var þó sérstaklega óskað eftir því að veittar yrðu upplýsingar um eftirfarandi atriði í 10. kafla samrunaskrár:
- g) Upplýsingar um áætlanir og áframhaldandi samstarf seljenda Sýnar hf. og Nova hf. án eignarhalds á óvirkum fjarskiptainnviðum, og m.a. um áhrif samrunans á Sendafélagið. Að því leyti sem það er nauðsynlegt skulu viðkvæmar viðskiptaupplýsingar berast beint til Samkeppniseftirlitsins frá einstaka aðilum samrunans*
- (132) Samrunaaðilar benda á að Sendafélagið er samstarfsverkefni Sýnar og Nova, sem hefur þann megintilgang að samnýta virkan sendibúnað sem þau viðskipti sem hér eru til skoðunar taka ekki til. Starfsemi Sendafélagsins hefur þegar verið tekin til skoðunar og hlotið samþykki SE, sbr. ákvörðun nr. 14/2015 og til hliðsjónar dómur Landsréttar í máli nr. 285/2019. Sendafélagið er ekki aðili að samrunanum og mun ekki vera í beinu samningssambandi við ITP eða hin keyptu félög að viðskiptunum frágengnum.
- (133) Rétt er að taka fram að í ákvörðun SE nr. 14/2015 var tekið fram að Sendafélagið myndi „eignast þann fjarskiptabúnað sem tengist dreifikerfi aðila (RAN kerfi), þ.e. BSC/RNC, senda, loftnet, varaafli og annan sérhæfðan tækjabúnað.“ Það hefur því ekki átt sér stað yfirfærsla á óvirkum fjarskiptabúnaði til Sendafélagsins á grundvelli undanþágu SE, enda kemur fram í umræddri ákvörðun að möstur og aðstaða fyrir sendabúnað séu að mestu leigð, með vísan til erindis Nova og Vodafone. Frá sjónarhóli samrunaaðila verður ekki betur séð en að framangreint haldist óbreytt í kjölfar samrunans, en fyrir liggur að hinar keyptu eignir samanstanda einungis af óvirkum fjarskiptainnviðum, sbr. fyrri umfjöllun.
- (134) Telji SE þrátt fyrir framangreint nauðsynlegt að afla nánari upplýsinga er varða áframhaldandi samstarf Sýnar og Nova, þá er þess farið á leit að fyrirspurnum þar að lútandi verði beint að þessum aðilum, enda hafa samrunaaðilar ekki vitneskju eða aðgengi að upplýsingum er umrædd atriði varða.

11. kafli

Fylgiskjöl

[...] ⁵⁷

Samrunaskrá þessari fylgja neðangreind fylgiskjöl:

1. Umboð, dags. 11. júní 2021. **TRÚNAÐARMÁL**
2. [...] **TRÚNAÐARMÁL**
3. [...] **TRÚNAÐARMÁL**
4. [...] **TRÚNAÐARMÁL**
5. [...] **TRÚNAÐARMÁL**
6. [...] **TRÚNAÐARMÁL**
7. [...] **TRÚNAÐARMÁL**
8. [...] **TRÚNAÐARMÁL**
9. [...] **TRÚNAÐARMÁL**
10. [...] **TRÚNAÐARMÁL**
11. [...] **TRÚNAÐARMÁL**
12. [...] **TRÚNAÐARMÁL**
13. Samstæðureikningur Etix Everywhere Borealis ehf. vegna ársins 2019.
14. Samstæðureikningur Etix Everywhere Borealis ehf. vegna ársins 2018.
15. [...] **TRÚNAÐARMÁL**
16. [...] **TRÚNAÐARMÁL**
17. [...] **TRÚNAÐARMÁL**
18. Útprentanir úr hlutafélagaskrá fyrir öll þau íslensku félög sem hér eru til umfjöllunar, sóttar 15. júní 2021.
19. Skýrslur um hlutafélagabátttöku núverandi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í ITP ehf og ETIX Everywhere Borealis ehf., sóttar 15. júní 2021.
20. [...] **TRÚNAÐARMÁL**
21. [...] **TRÚNAÐARMÁL**
22. [...] **TRÚNAÐARMÁL**
23. [...] **TRÚNAÐARMÁL**
24. Skýrsla E&Y fyrir European Wireless Infrastructure Association, *The economic contribution of the European tower sector*, dags. í nóvember 2020.
25. *Why Telecom Companies Across Europe Are Selling Their Towers*. Skýrsla S&P Global Ratings, dags. 11. October 2019.
26. [...] **TRÚNAÐARMÁL**
27. [...] **TRÚNAÐARMÁL**
28. Samrunaskrá án trúnaðarupplýsinga.

⁵⁷ TRÚNAÐARMÁL.

12. kafli

Yfirlýsing

Undirritaðar lýsa því yfir að upplýsingar, sem veittar eru í skrá þessari, eru sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund, að óstytt afrit af skjölum, sem krafist er í skránni, fylgja með, að allt mat er tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og þar sem álit er látið í ljós er það gert í góðri trú. Undirritaðar hafa kynnt sér 41. gr. b samkeppnislaga nr. 44/2005.

Reykjavík, 16. júní 2021

Lára Herborg Ólafsdóttir hdl.

Guðrún Lilja Sigurðardóttir hdl.